



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

FRÉTTAPÓSTUR

Vetur 2025-2026

5. TBL.

Hjartað í HSR



Grænt ljós til framtíðar

PISTILL FORSTJÓRA

Fyrstu mánuðir ársins hafa verið bæði viðburðaríkir og árangursríkir í starfsemi HSU. Það sem stendur upp úr er ekki aðeins fjöldi verkefna heldur hversu skýrt þau endurspeglar þá stefnu sem við höfum nú sett okkur til ársins 2030. Þar leggjum við áherslu á framsækna þjónustu, eftirsóknarverðan vinnustað, sterka gæða- og öryggismenningu og ábyrgan rekstur.

Þessi stefna snýst alls ekki um orð á blaði eða skjá. Hún birtist í daglegu starfi, í ákvörðunum sem teknar eru nærri vettvangi og í þeim fjölbreyttu verkefnum sem starfsfólk HSU hefur leitt áfram síðustu mánuði. Í þessari vetrarútgáfu af Hjartanu í HSU förum við yfir verkefni okkar og starfsemi í desember, janúar, febrúar og mars.

Þjónusta sem mætir fólki

Áhersla okkar á framsækna þjónustu hefur skilað sér í áþreifanlegum breytingum. Heimaspítalinn er þar lykilmáttur og sýnir hvernig við getum fært þjónustuna nær sjúklingum, aukið sveigjanleika og bætt upplifun þeirra sem þurfa á henni að halda.

Samhliða þessu hefur verið unnið markvisst að þróun nýrra þjónustulausna þar sem framsækin tækni og ný nálgun spila sífellt stærra hlutverk. Verkefni á borð við fjarvöktun eru dæmi um hvernig við getum styrkt samfellu í þjónustu og brugðist fyrir við þörfum, án þess að auka álag á hefðbundnar þjónustueiningar.

Þróun og efling heilsugæslu á svæðinu, þar á meðal stórukið aðgengi almennings í Uppsveitum að heilbrigðisþjónustu, undirstrikar einnig þessa sýn: Að þjónustan eigi, geti og sé aðgengileg, samræmd og byggð á þörfum samfélagsins hverju sinni.

Mannauðurinn drífur þróunina áfram

Farsæl starfsemi byggir á sterku og öflugum starfsfólki. Á síðustu mánuðum hefur orðið enn skýrara hversu mikill kraftur býr í mannauðnum okkar, ekki síst í þeim fjölmörgu umbótaverkefnum sem sprottið hafa innan frá.



Dána Óskarsdóttir

Við höfum lagt aukna áherslu á vinnustaðamenningu þar sem samtal, traust og þátttaka eru í forgrunni. Það felur meðal annars í sér aukinn sýnileika verkefna, markvissari upplýsingamiðlun og fleiri tækifæri fyrir starfsfólk til að hafa bein áhrif og mynda sér skoðun á þróun starfseminnar.

Þessi nálgun styrkir ekki aðeins starfsánægju heldur eykur hún gæði þjónustunnar. Þegar fagfólk vinnur þvert á einingar og nýtir sameiginlega þekkingu skapast sterkari heild.

Gæði, öryggi og markviss vinnubrögð

Stofnun nýs fagráðs í upphafi árs 2026 var mikilvægt skref í átt að enn markvissari ákvarðanatöku og sterkari faglegum grunni. Með því erum við að efla samræmingu, styðja við þróun og tryggja að ákvarðanir byggji á bestu mögulegu þekkingu.

Á sama tíma hefur verið lögð rík áhersla á öryggi, bæði í klínísku starfi og í meðferð upplýsinga. Viðurkenning sem HSU hlaut fyrir árangur í netöryggismálum er skýr vísbending um að sú vinna er að skila árangri og styrkja traust.



Við sjáum einnig aukna áherslu á umbætur í innri ferlum þar sem sjálfvirknivæðing og betri nýting gagna styður við skilvirkni og gæði. Slík þróun er lykilforsenda þess að við getum haldið áfram að bæta þjónustuna á kerfisbundinn hátt.

Grænt ljós sem styður framtíðina

Heilbrigðisþjónusta stendur frammi fyrir síbreytilegum áskorunum, ekki síst vegna fólksfjölgunar og breyttra þarfa samfélagsins. Það kallar á ábyrgan rekstur og skýra forgangsröðun.

Grænt ljós heilbrigðisyfirvalda gagnvart á viðamikilli uppbyggingu og endurbótum á húsnæði HSU á Selfossi er þar stór áfangi. Sú framkvæmd mun skapa betri aðstæður fyrir bæði starfsfólk og skjólstæðinga og er lykilforsenda þess að við getum mætt vaxandi eftirspurn fyrir þjónustu á svæðinu.

Samhliða því höfum við haldið áfram að styrkja innviði, þróa starfshætti og byggja upp þjónustu sem er betur í stakk búin til að mæta framtíðinni.

Horft fram á veginn

Þegar litið er yfir síðustu mánuði er ljóst að HSU er á skýrri vegferð. Verkefni sem unnin hafa verið endurspegla metnað, fagmennsku og vilja til að þróa þjónustuna áfram. Við erum tæknilega þenkjandi heilbrigðisstofnun og leitum stöðugt tækifæra að beita tæknivæðingu og endurbættum verkferlum til að auka bæði framleiðni og skilvirkni til að létta starfsfólki lífið, auka öryggi skjólstæðinga okkar og bæta þjónustu hvar sem við getum.

Það er hverjum degi ljósara að tækifærin fram undan eru mörg. Með áframhaldandi samvinnu, skýrri stefnu og öflugum mannauði erum við vel í stakk búin til að takast á við þau og halda áfram að byggja upp heilbrigðisþjónustu sem samfélagið getur treyst.

Að lokum vil ég þakka starfsfólki HSU fyrir ómetanlegt framlag, samstarfsaðilum fyrir framúrskarandi samstarf og íbúum í þessu víðfeðmasta heilbrigðisumdæmi landsins fyrir traustið. ■

Stækkun og endurbætur á húsnæði HSU framundan

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir hefur samþykkt framkvæmdir um stækkun og endurbætur fyrir sjúkrahúspjónustu og heilsugæslu við Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi. Reist verður rúmlega 5.200 fermetra viðbygging til að mæta aukinni húsnæðisþörf og farið í gagngerar endurbætur og endurskipulagningu á meiri hluta eldra húsnæðis stofnunarinnar.

Fyrsti áfanginn felst í endurnýjun og stækkun húsnæðis heilsugæslu, geðteymis og heimahjúkrunar. Sá áfangi er fullfjármagnaður, heimild Samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir liggur fyrir og því unnt að hefja vinnu við hann strax. Áætlað að ljúka framkvæmdum við fyrsta áfangann um mitt ár 2027.

„Þessar fréttir eru svo sannarlega gleðiefni. HSU þjónar stóru og fjölbreyttu svæði og hefur starfsemi stofnunarinnar vaxið hratt samhliða fjölgun íbúa og aukinni umferð ferðamanna. Fyrirhugaðar framkvæmdir skipta því miklu máli, ekki bara fyrir húsnæðið sjálft, heldur fyrir þá þjónustu sem við viljum af heilum hug geta veitt til framtíðar,“ segir Dána Óskarsdóttir, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

Íbúum á Suðurlandi hefur fjölgað hratt á síðustu árum og álag á heilbrigðisþjónustu hefur aukist vegna mikillar ferðaþjónustu og umfangsmikillar frístundabyggingar. Samkvæmt frumathugun

þarf að fjölga sjúkrastofum úr 20 í allt að 40. Þá þarf að endurskipuleggja og/eða stækka húsnæði bráðamóttöku, göngudeilda, myndgreiningar, rannsóknna, fæðingarþjónustu, geðheilbrigðisþjónustu, heilsugæslu, heimahjúkrunar og skrifstofu yfirstjórnar. Heildarþörf húsnæðis er metin um 11.000 m² en er nú um 8.800 m². Starfsmenn HSU eru nú um 850 í 604 stöðugildum en áætlað er að þeim fjölgi um allt að 20% á næstu tíu árum.

Áfangaskipting heildarframkvæmda

- 1. áfangi:** Endurbætur á vesturálmum undir heilsugæslu á 1. hæð og heilsugæslu og geðheilsuteymi á 2. hæð.
- 2. áfangi, ný norðurálma:** Nýbygging fyrir legudeildir, bráðamóttöku, myndgreiningu, fæðingarþjónustu og mæðravernd, alls 5.240 m².
- 3. áfangi:** Endurbætur á austurálmum; göngudeildir, skrifstofur, mötuneyti og kjallari.

Áætlaður heildarkostnaður allra þriggja áfanganna á stigi frumathugunar nemur á bilinu 8,5 til 13 milljörðum króna (vikmörk -15% til + 30%). Í tímaáætlun Framkvæmdasýslunnar - Ríkiseigna (FSRE) er gert ráð fyrir að öllum framkvæmdum gæti verið lokið árið 2034. ■





Starfsemi HSU

- Suðurlandsumdæmið:
 - Íbúar ≈ 34.000
 - Ferðamenn ≈ 1.600.000
 - Sumarhús ≈ 8.000
- Heilsugæsla HSU
 - 9 stöðvar á 10 starfsstöðvum
- Sjúkrahúsjónusta HSU
 - Selfoss og Vestmannaeyjar
- Bráðamóttaka 24/7 ≈ 20.000 komur á ári
- Sjúkraflutningar um allt Suðurland
- Hjúkrunarheimili (145 hjúkrunarrými)
- Mannauður: 550 stöðugildi/812 starfsfólki
- Öflug samvinna er lykill að velferð HSU

Yfirlitsmynd sem gefur góða sýn á umfang starfsemi HSU. Þessi mynd og aðrar hérna á síðunni eru frá heimsókn heilbrigðisráðherra til HSU á Selfossi á síðasta ári.



HSU fæst við veikindafjarvistir með því að styðja við og hlúa að starfsfólki

„Svona samtöl snúast ekki um að skamma fólk fyrir fjarvistir, heldur eigi þau að styðja við og hlúa að starfsfólkinu.“

Síðustu mánuði hefur umræðan verið hávær um kostnað vinnustaða vegna veikindafjarvista, jafnvel misnotkun á veikindaréttindum, álag á lækna vegna útgáfu veikindavottorða og fleira. Vinnustaðir eru þessum málum tengdir í ýmsum aðgerðum nú þegar. Þar á meðal HSU, sem lagði af stað í fyrra í formlega vegferð til að sporna við þróuninni.

„Árlega erum við með stjórnendadaga þar sem við tökum fyrir ákveðið þema. Í fyrra var þemað mannauðsmál og fengum við Mental ráðgjöf til okkar með vinnustofu þar sem við ræddum veikindafjarvistir frá öllum hliðum og fengum þær til að rýna með okkur viðverustefnuna okkar,“ segir Ingibjörg en HSU er til dæmis einn þeirra vinnustaða sem nýta sér Bradford-mælikvarðann.

„Nálgunin snýr að því að mæta starfsmanninum þar sem hann er staddur hverju sinni. Með því að spyrja: Hvernig líður þér? Hvað er að fréttu? Svona samtöl snúast ekki um að skamma fólk fyrir fjarvistir, heldur eigi þau að styðja við og hlúa að starfsfólkinu,“ segir Ingibjörg Rafnsdóttir mannauðsstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU) og bætir við:

„Við hvetjum okkar stjórnendur til að nýta jafnvel tímann á göngunum eða gólfinu og mynda tengslin þar. Því auðvitað er starfsfólk einfaldlega önnur kafið og margir stjórnendur sem starfa í klíníkinni. Tími til formlegra og bókaðra samtala getur því verið lítill. En við horfum á þetta sem langhlaup og aðalmálið fyrir okkur er að vera farin af stað, þótt innleiðingin taki nokkur ár á endanum.“

Umræðuefnið er viðverustjórnun, innlit og breytingar á vinnustaðameningu sem ætluð er að draga úr fjarvistum á fjölmönnum og flóknum vinnustað. Á HSU starfar nú 855 starfsmenn í 611 stöðugildum, frá um 25 þjóðernum, af öllum þeim fjórum kynslóðum sem nú starfa á vinnumarkaði, en flestir eru á aldrinum 30-45 ára.



Ingibjörg Rafnsdóttir, mannauðsstjóri HSU, segir hægt að grípa mun fyrir í taumana ef regluleg samtöl og traust er til staðar á milli stjórnenda og starfsmanna. Hugmyndafræði innlits-samtala gengur einmitt út á að inneignin sé til staðar í traustbankanum þegar þarf að taka erfiðu samtölin.

„Við erum tiltölulega nýbyrjuð á innleiðingunni en við erum þó farin að sjá sýnilegan árangur strax,“ segir Ingibjörg. ■

Vildi vera nálægt heimaslóðum og vonast eftir sumarstarfi

„Ástæðan fyrir að ég valdi HSU fyrir verknám er einföld, það er nálægt heimili mínu og ég vonaðist til að fá vinnu hér í sumar,“ segir Glódís Ólöf Víktorsdóttir sem er á öðru ári í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri og er nú í fyrsta sinn í verknámi hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU). Hún segir upplifunina af því að vera nemi á HSU afar jákvæða. „Það var mjög þægilegt að koma hingað. Margir þekktu mig áður en ég byrjaði – ég á frænkur sem vinna hér og nágrennar okkar starfa líka á stofnuninni.“

Verknámið stóð yfir í fjórar vikur. „Mér líst mjög vel á þetta – starfið er fjölbreytt og lærdómsríkt,“ en á þessari önn var hún staðsett á lyflækningadeild, en fram undan eru fjölbreytt verkefni á næstu árum: samfélagshjúkrun á heilsugæslu vorið 2027 og heimahjúkrun vorið 2028.

Það sem gerir verknámið sérstakt er að mamma hennar, Margrét Björk Ólafsdóttir, er hjúkrunarstjóri á heilsugæslunni á Selfossi. Þær mæðgur deila því ekki aðeins áhuga á hjúkrun heldur einnig vinnustað.

Nemamóttakan til fyrirmyndar

„Um leið og ég mætti var spurt hvað ég væri tilbúin að gera og ég var tekin með í allt. Ég hef fengið að fara á göngudeild, í speglun og rannsóknir og kynnst mörgum sérfræðingum og ólíkum sviðum hjúkrunar,“ segir Glódís um nemamóttökuna. Hún stefnir á að koma aftur í klínískt nám á heilsugæsluna á Selfossi á næsta ári.

Að sögn Margrétar Bjarkar eru um tuttugu nemar í klínísku námi hjá heilsugæslunni á ári hverju, þó eingöngu nemar á þriðja og fjórða ári. Á þriðja ári er áhersla lögð á samfélagshjúkrun þar sem nemar kynnast meðal annars ungbarnavernd, skólahjúkrun, aðgerðarstofu, móttökum á heilsugæslu, þjónustu við Litla-Hraun og verkefnum heimaspítala.

Á fjórða ári fara nemar svo í heimahjúkrun. Nemar koma víðs vegar af landinu – frá Reykjavík, Akranesi og Vestmannaeyjum – en samkvæmt Margréti er ekki í boði að taka heimahjúkrun innan heilsugæslna í Reykjavík með sama hætti og annars staðar. HSU er jafnframt eina heilbrigðisstofnun landsins sem rekur heimaspítala.



Báðar í námi

Það eru þó ekki aðeins nemarnir sem sitja á skólabekk. Margrét Björk er sjálf í námi sem tengist Háskóla Íslands í samstarfi við aðila í Finnlandi. Námið snýr að heildrænu öldrunarmati og öldrunarhjúkrun. Um er að ræða nýtt verkefni sem vakti mikinn áhuga Margrétar.

Aðspurðar hvort þær séu spenntar fyrir því að vinna saman á næstu árum brosa þær báðar. Glódís viðurkennir að hún sé kannski örlítið stressuð og vilji standa sig vel, á meðan Margrét Björk segist einfaldlega vera afar spennt.

„Já, þetta verður skemmtilegt,“ segja þær mæðgur að lokum. ■

Skipun Fagráðs HSU til næstu þriggja ára

Díana Óskarsdóttir, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, hefur skipað nýtt sjö manna fagráð til næstu þriggja ára.

Hlutverk fagráðsins er að vera ráðgefandi vettvangur um faglega þróun og gæði þjónustu innan HSU. Ráðið skal stuðla að framþróun og faglegri umræðu þvert á starfsemi stofnunarinnar, með hag sjúklinga og samfélagsins að leiðarljósi.

Í fagráðinu sitja Andri Jón Heide, yfirlæknir á bráðamóttöku HSU, Aníta Ársælsdóttir, hjúkrunarfræðingur á heilsugæslunni í Vestmannaeyjum, Anna Margrét Magnúsdóttir, hjúkrunarfræðingur og aðstoðardeildarstjóri á heilsugæslunni á Selfossi, Björn Jakob Magnússon, læknir á heilsugæslunni á Selfossi, Lóa Björk Óskarsdóttir, yfirlifeindafræðingur, Sverrir Örn Jónsson, sjúkraflutningamaður og Þórhildur Hjaltadóttir, hjúkrunarfræðingur og flæðisstjóri.

Við skipun fagráðsins var lögð áhersla á fjölbreytta þekkingu, reynslu og sjónarhorn úr ólíkum faggreinum innan heilbrigðisþjónustunnar. Markmiðið er að styrkja faglegt samtal, styðja við markvissa ákvörðunartöku og efla gæði þjónustu HSU til framtíðar.

Fyrsti fundur fagráðs HSU

Fyrsti fundur nýskipað fagráðs fór fram með framkvæmdastjórn HSU miðvikudaginn 18. febrúar 2026.

Fagráðið vinnur til þriggja ára og við myndun þess var öllu starfsfólki gefinn kostur á að gefa sig fram eða senda inn tilefningu á öðru starfsfólki.

Fagráðið mun styrkja faglegt samtal innan HSU, styðja við markvissa ákvörðunartöku sem mun efla gæði þjónustu HSU til framtíðar. Á fundinum kynnti forstjóri starfsáætlun stofnunarinnar, fór yfir stöðuna á helstu málum og að lokum voru lögð drög að því hvernig fagráðið og framkvæmdastjórn muni vinna saman á komandi misserum. ■

Með skipun nýs fagráðs hefst nýtt starfstímabil í faglegu samráði innan HSU, í framhaldi af góðu starfi fyrra fagráðs. „Ég vil þakka fráfarandi fagráði fyrir gott samstarf og um leið bjóða nýja fulltrúa velkomna til starfa í fagráði HSU. Í ráðinu situr öflugt og fjölbreytt teymi fagfólks sem mun án efa leggja mikilvægt af mörkum við áframhaldandi þróun og eflingu HSU,“ segir forstjóri HSU. ■




Í tilefni af fyrsta fundi var tekin mynd af ráðinu. Á myndina vantar Andra Heide, yfirlækni bráðamóttökunnar. Á myndinni er talið frá vinstri: Björn Jakob Magnússon heimilislæknir, Þórhildur Guðbjörg Hjaltadóttir flæðisstjóri, Anna Margrét Magnúsdóttir hjúkrunarfræðingur, Lóa Björk Óskarsdóttir deildarstjóri rannsókn, Aníta Ársælsdóttir hjúkrunarfræðingur Vestmannaeyjum og Sverrir Örn Jónsson sjúkraflutningar.

HSU meðal hæstu stofnana í þjónustukönnun ríkisins

Heilbrigðisstofnun Suðurlands fær 4,7 af 5 mögulegum í einkunn í þjónustukönnun hins opinbera þegar spurt er: „Á heildina litið, hversu góð eða slæm finnst þér þjónustan?“ HSU er meðal þeirra stofnana ríkisins sem skora hæst í umræddri könnun.

Frá janúar til apríl 2026 hafa um 4.400 þjónustuþegar, sem áttu bókaðan tíma hjá HSU, fengið boð um að svara þjónustukönnun. Stofnunin leggur ríka áherslu á að nýta niðurstöður þjónustukönnanna markvisst til umbóta og þróunar þjónustu.

Hægt er að skoða niðurstöðurnar í heild sinni á vef Stjórnarráðs Íslands. ■



Norðurinngangur við sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum opinn á ný

Inngangur norðan megin við sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum hefur verið opnaður á ný eftir lokun sem stóð yfir í nokkra mánuði vegna framkvæmda. Á þeim tíma var planið við innganginn malbikað og skipt um lagnir.

Inngangurinn norðan megin veitir aðgang að annarri og þriðju hæð sjúkrahússins. Á annarri hæð eru lyflækningar og dagdeild/göngudeild og á þriðju hæð er starfsemi sjúkraþjálfunar, heilbrigðisgagnafræðinga, ljósmæðra, sálfræðinga og annarra sérfræðinga.

Með þessum breytingum hefur verið lokað fyrir umferð í gegnum allt húsið, sem stuðlar að skýrari aðgreiningu þjónustu og markvissari stýringu á umferð innan sjúkrahússins.

Kjallarinnangangurinn sunnan megin við húsið er áfram eingöngu ætlaður heilsugæslu.

“Við viljum senda okkar bestu þakki til nágretta spítalans, skjólstæðinga okkar og starfsfólks fyrir þolinmæði og skilning á meðan framkvæmdir stóðu yfir. Við erum spennt



fyrir að geta boðið fólki sem á erindi á aðra eða þriðju hæð betra aðgengi á ný”, segir Jóna Björgvinsdóttir rekstarstjóri HSU í Vestmannaeyjum. ■

Gervigreind styður við myndgreiningu og bráðapjónustu

HSU vinnur nú að innleiðingu nýrrar gervigreindarlausnar til stuðnings við vakthafandi lækna. Markmið verkefnisins er að efla ákvörðunartöku lækna og bæta þjónustu við sjúklinga, sérstaklega þegar röntgensérfræðingar eru ekki til staðar.

Verkefnið er tilraunaverkefni sem unnið er í samstarfi við fyrirtækið Gleamer og felur í sér notkun gervigreindar til aðstoðar við úrlestur röntgenmynda. Lausnin veitir tafarlausar niðurstöður sem get stutt lækna á bráðamóttöku við meðferðarákvarðanir og umönnun sjúklinga.

Árangur verkefnisins verður síðan metinn með því að bera niðurstöðum gervigreindar saman við úrlestur röntgensérfræðinga, kanna upplifun heilbrigðisstarfsfólks af notkun tækninnar ásamt því að mæla afkastagetu og skilvirkni lausnarinnar.

Skjótari svör og auknið öryggi

Úrlestur myndgreiningar getur verið áskorun á vöktum, sérstaklega á landsbyggðinni þar sem aðgengi að röntgensérfræðingum er takmarkað. Með tilkomu gervigreindarúrlestrar er hægt að stytta biðtíma og tryggja hraðari svör, sem að skiptir sköpum í bráðapjónustu.

Rannsóknir hafa sýnt að gervigreindarlausnir í myndgreiningu geta greint bráðatilfelli með mikilli nákvæmni. Þrátt fyrir það halda röntgensérfræðingar áfram að lesa úr öllum myndum, en gervigreindin nýtist sem viðbótarstuðningur fyrir lækna, sérstaklega utan hefðbundins vinnutíma.

Tækifæri til framtíðar

Gervigreind í myndgreiningu er hluti af hraðri tækniþróun sem opnar ný tækifæri fyrir heilbrigðisþjónustu. Með aukinni nákvæmni, hraða og sjálfvirkni getur tæknin auknið aðgengi að sérfræðiþjónustu, dregið úr álagi á röntgensérfræðingum og bætt þjónustu og öryggi sjúklinga.

Gervigreind er ekki ætlað að koma í stað sérfræðinga heldur styðja við þá. Samspil gervigreindar og sérfræðiþekkingar mun gegna lykilhlutverki í framtíðarlausnum þar sem markmiðið er að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir sjúklinga.

HSU stendur því á tímamótum í nýtingu tækninnar, þar sem nýjar lausnir í myndgreiningu geta haft veruleg áhrif á gæði og aðgengi að heilbrigðisþjónustu til framtíðar. ■

„Þessi lausn skiptir sérstaklega miklu máli fyrir heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni þar sem oft er skortur á sérfræðiþjónustu utan dagvinnutíma. Með þessu móti tryggjum við aðgengi að sérfræðiþekkingu sem hjálpar okkur að veita mikilvæga þjónustu óháð staðsetningu. Þetta er jafnframt skýrt dæmi um hvernig ný tækni getur haft raunveruleg áhrif á daglega þjónustu við sjúklinga og stutt við fagfólk í krefjandi aðstæðum“, segir Dána Óskarsdóttir, forstjóri HSU.




Fjölskyldufræðingur í geðheilsuteymi HSU gefur út barnabók um Alzheimer

Bókin „Amma nammigrís – engin venjuleg amma“ eftir Gunnhildi Stelli Pálmarsdóttur, fjölskyldufræðing í geðheilsuteymi HSU, er hjartnæm og fyndin barnabók sem segir frá ömmu sem hoppar á trampólíni, gerir kollhnísa og getur borðað ótrúlegt magn af nammi. Það sem er hinsvegar farið að gerast hjá ömmu í dag er að hún farin að gleyma. Amma er með Alzheimer.

Í bókinni eru skemmtilegar og fyndnar sögur af ömmu, byggðar á sönnum atburðum, en móðir Gunnhildar er með Alzheimer. Sagan er sögð frá sjónarhorni barnabarns sem deilir gleði, hlátri og kærleika með ömmu sinni á einlægan hátt.

Auk þess að vera skemmtileg lesning er bókin fræðandi. Hún útskýrir Alzheimer-sjúkdóminn á einfaldan hátt og hjálpar börnum að skilja hvað það þýðir þegar ástvinur byrjar að gleyma. ■



Eyjafólk ársins í heilbrigðisþjónustu

Hjalti Kristjánsson læknir og Vera Björk Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur á HSU í Vestmannaeyjum voru valin Eyjafólk ársins 2025. Eyjafréttir komu að valinu og greindu frá.

Hjalti og Vera hafa í áratugi verið áberandi og virkir þátttakendur í samfélagi Vestmannaeyja. Þau hafa sinnt störfum sínum af mikilli alúð og fagmennsku og verið traust bakland fyrir sjúklinga, aðstandendur og samstarfsfólk sitt.

„Sem heimilislæknir hefur Hjalti sinnt íbúum Eyja af fagmennsku, festu og hlýju,“ segir meðal annars í umsögn um Hjalta og heldur áfram: „Framlag Hjalta til íslenskrar knattspyrnu, jafnt innanlands sem með landsliðum og ÍBV, hefur verið afar mikilvægt og svo sannarlega skipt máli.“

„Vera Björk hefur um áratugi verið traust stoð í heilbrigðis- og velferðarstarfi Vestmannaeyja. Sem hjúkrunarfræðingur og skólahjúkrunarfræðingur hefur hún snert líf ótal barna, fjölskyldna og einstaklinga með nærgætni, fagmennsku og einlægni umhyggju,“ er sagt um Veru Björk. Auk starfa sinna hafa þau gefið af sér á sviði íþróttar, kirkjunnar og annars öflugs félagsstarfs í Eyjum. ■



Sonja Andrésdóttir verðlaunuð

Lesendur Tíguls, sem er bæjarblað Vestmannaeyinga og fjallar um menningu, mannlíf, atvinnulíf og sögu bæjarins, valdi Sonju Andrésdóttur sem Eyjamann ársins 2025 í áramótakosningu miðilsins. Sonja er virknisstjóri á hjúkrunarheimili HSU að Hraunbúðum í Vestmannaeyjum.

Í umfjöllun Tíguls segir að Sonja leggi sérstaka áherslu á mannlega nálgun í umönnun. Slík nálgun skapi öryggi, bæti andlega og félagslega líðan og hafi jákvæð áhrif á heilsu og almenna vellíðan.

„Þegar fólk finnur að það er hlustað á það og því er mætt af virðingu, þá eykst lífsgleðin og sjálfstraustið,“ segir Sonja í samtali við Tígul af þessu tilefni.

Í viðtalinu kom fram að Sonja starfi af heilum hug og mæti fólk af einlægni virðingu. Hún skilji eftir sig spor í lífi annarra án þess að gera mikið úr því sjálf. Að mati Sonju er það mikilvægasta í starfi virknisstjóra að efla lífsgæði og félagslega virkni eldri borgara. ■



Þjóðlegur andi á hjúkrunarheimilum HSU á Selfossi

Hjúkrunarheimilin Ljós- og Fossheimar á Selfossi blótuðu þorran sítastliðinn bóndadag.

Tókst það einstaklega vel og heimilisfólk naut þess að vera saman og njóta þorramatar í góðum félagsskap. Skemmtilegar þorrasvuntur starfsfólks settu svip sinn á samkomuna.

Unnur Eyjólfsdóttir, deildarstjóri á Foss- og Ljósheimum, mætti til vinnu einstaklega þjóðleg klædd íslenskum upphlut. ■



Saga frá Gambíu

Í lok síðasta árs birti HSU á Facebook-síðu stofnunarinnar fjórar eftirminnilegar sögur frá verkefnum starfsfólks á heilsugæslunni í bænum Kubuneh í Gambíu í Afríku.

Höfundurinn er Þórunn Pálsdóttir, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir á heilsugæslunni í Vestmannaeyjum. Þetta var fimmta ferð Þórunnar til Gambíu.

"Þegar við mætum annan daginn okkar var frumbyrja í fæðingu, komin með 8 í útvíkkun. Það var einhvern veginn ekkert tilbúið á fæðingarstofunni og ég fór því að gera allt klárt. Við hlustuðum hjartslátt og heyrðum bara 30-40 slög/mín (hjartsláttur á að vera 110-160 slög/mín).

Ég fann öndunarbelg til að hafa við hendina ef við skyldum þurfa nota hann en það var enginn maski. Við förum því að leita út um allt og fundum loks einn sem var samt lélegur. Konan var síðan sem betur fer fljót að klára útvíkkun og ljósmóðirin klippti hana til að reyna að flýta fæðingunni.

Stúlkan fæðist slöpp, var bara með hjartslátt, og sýndi engin önnur viðbrögð. Við förum í það að örva hana en lítið gerðist. Við færðum hana yfir á annan bekk og þegar ég reyndi að blása í hana með öndunarbelgnum féll maskinn saman og klessist bara ofan í andlitið á stúlkunni. Allt plast í þessum hita skemmist mjög fljótt og því var ekkert hægt að nota hann og því þurfti ég sjálf að blása nokkrum sinnum í stúlkuna til að koma lofti ofaní hana.

Hún tók síðan við sér hægt og rólega, andaði, fór að fá lit og hreyfa sig. Ásta hjúkrunarfræðingur sem var með mér náði í súrefnisvél og við gátum gefið henni súrefni. Við færðum hana síðan til móður sinnar eins fljótt og hægt var til að halda á henni hita. Þegar hún var tilbúin fór hún síðan á brjóst hjá móður sinni. Þetta fór allt vel en ég ræddi við ljósmóðurina eftir þetta um mikilvægi þess að hafa allt tilbúið á fæðingarstofunni þegar kona væri í fæðingu.

Við komumst að því eftir á að móðirin var með grænt legvatn og förum við líka yfir það að konur með einhverja áhættuþætti eiga að flytjast á hærra þjónustustig. Daginn eftir förum við síðan í það að taka til og koma skipulagi á allt og þá fundum við þessa líka fínu öndunarbelgi." ■



Heilbrigðisstofnun Suðurlands hlýtur netöryggisviðurkenningu Aftra

Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur hlotið netöryggisviðurkenningu Aftra fyrir góðan árangur í netöryggisátaki.

Netöryggisfyrirtækið Aftra efndi til öryggisátaks sem stóð yfir í fjórar vikur og fól í sér markvissar öryggisáskoranir. Allir þátttakendur bættu öryggiseinkunn sína, sem er mælikvarði Aftra á það hversu vel tekst að draga úr eigin áhættu gagnvart netárásám.

„Netöryggi er lykilatriði í starfsemi Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, enda vinnum við með viðkvæmar upplýsingar og mikilvæga innviði,“ segir Daði Már Sigurðsson, deildarstjóri upplýsingatæknisviðs.

„Þátttaka í netöryggisátaki Aftra var bæði gagnleg og lærdómsrík og gaf okkur tækifæri til að styrkja enn frekar öryggisvitund og verklag innan stofnunarinnar. Við erum stolt af því að hljóta þessa viðurkenningu og teljum hana staðfesta að við séum á réttri leið.“

Viðurkenning Aftra er veitt þeim fyrirtækjum og stofnunum sem sýna fram á virka þátttöku og áþreifanlegan árangur í netöryggismálum og er liður í því að efla almenna vitund og ábyrgð í netöryggi hér á landi. ■



Brad Egan og Daði Már Sigurðsson

Ljósmaður HSU á alþjóðlegri ráðstefnu í fósturlækningum

Þær Sigurlinn Sváfnisdóttir, fósturgreiningarljósmodir, og Hugborg Kjartansdóttir, ljósmaður og nemi í fósturgreiningu hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands sóttu alþjóðlega ráðstefnu í London fyrir skemmstu.

Með þeim voru fósturgreiningarljósmaður frá Landspítala, landsbyggðinni og sérfræðingar frá tugum annarra landa. Markmið ráðstefnunnar var að kynna og ræða nýjustu þekkingu og þróun í fósturlækningafræðum. Ráðstefnan var á vegum Fetal Medicine Foundation í London og er haldin einu sinni á ári. Á ráðstefnunni komu saman yfir 1.000 þátttakendur þar á meðal sérfræðingar, læknar og ljósmaður í fósturskimunum (e. fetal medicine) frá 96 löndum.

Í þessum fræðum er talið lykilatriði að fylgjast náið með nýjungum og samræma verklag. Kristín Rut á fósturgreiningardeild Landspítala, sem Sigurlinn er í reglulegum samskiptum við, benti á mikilvægi þátttöku. Þá voru einnig fæðingarlæknar frá sónardeild Landspítala meðal þátttakenda, sagði hún um ferðina.

Það er gríðarlega mikilvægt að ljósmaður, ásamt öðru starfsfólki HSU sækji sér reglulega fræðslu fylgir Sigurlinn eftir. Á ráðstefnunni var meðal annars fjallað um nýjustu kynslóð ómskoðunartækja, þar sem gervigreind er komin inn í tækin til að aðstoða við mælingar og greiningar.

Á síðasta ári voru um 1.000 einstaklingar sem komu á HSU vegna fósturskimana. ■



Sigurlinn Sváfnisdóttir til vinstri, Jóna Salný Guðmundsdóttir ljósmodir á Neskaupstað fyrir miðju og til hægri er Ásthildur Gestsdóttir ljósmodir á Akranesi.

Framtíðin er heima

Icepharma velferð stóð í gær fyrir ráðstefnunni Framtíðin er heima – Mikilvæg skref fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu, þar sem fjallað var um hvernig valdefla megi einstaklinga í eigin heilbrigðisvegferð og innleiða nýjar lausnir í heilbrigðisþjónustu á Íslandi með velferðartækni og nýjum þjónustuleiðum.

Á ráðstefnunni var sérstök áhersla lögð á fjarheilbrigðisþjónustu. Gestafyrirlesari frá Svíþjóð kynnti reynslu af þjónustu sem hefur verið í notkun þar um árabíl og hvernig hún er nýtt þvert á sveitarfélög til að bæta gæði og aðgengi að heilbrigðisþjónustu. En það er einmitt af slíkri þjónustu sem Heimasítalinn, frumkvöðlaverkefni hér á HSU.

Baldvina Ýr Hafsteinsdóttir framkvæmdarstjóri hjúkrunar sótti ráðstefnuna fyrir hönd HSU og sagðist virkilega stolt af þeirri vegferð sem stofnunin er í þessum málum.

Velferðarlausnir voru fyrirferða miklar á ráðstefnunni og mikil áhersla lögð á að þetta væri ekki eingöngu til að spara vinnu heldur einnig til að bæta gæði. Farið var yfir breytingastjórnun og að oft á tíðum sé mikilvægum skrefum í ferli breytingastjórnunar sleppt og þá aðallega að fá starfsfólk til að eiga breytingarnar, að þau verði spennt og viti hvað þetta eigi að fela í sér.

Þetta á líka við í tilviki Heimasítalans þar sem hugmynd og framkvæmd var í höndum Guðný Stellu Guðnadóttur öldrunarlæknis sem tók hugmyndina með sér þegar hún flutti til Íslands og þróaði ásamt starfsfólki HSU sem fylgdi hugmyndinni eftir og eru enn að sinna þróun og eftirfylgni verkefnisins.

Þá var einnig áhugaverð umræða um að stofnanir þurfi að vera heilsulæsar ekki bara einstaklingar, að því marki að stofnunin skilji hvað fólk er að ganga í gegn um og hvernig best sé að koma upplýsingum til þeirra, er haft eftir Baldvinu Ýr. ■



Heimasítali HSU fellur vel undir erindi ráðstefunnar Framtíðin er heima. Hér fyrir neðan er mynd af frumkvöðlunum á Heimasítalanum.



Sólveig Hrönn Gunnarsdóttir hjúkrunarfræðingur. Thelma Dröfn Ásmundsdóttir hjúkrunarfræðingur og Guðný Stella Guðnadóttir læknir.

Vel heppnuð vinnustofa hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða á heilsugæslu HSU á Selfossi

Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar heilsugæslu HSU á Selfossi tóku þátt í vinnustofu í lok nóvember þar sem meginmarkmiðið var að brjóta upp hefðbundin vinnudag og vinna sameiginlega að lausnum til að bæta þjónustu, efla starfsánægju og draga úr álagi í starfi.

Gæðateymi HSU stýrði vinnustofunni sem einkenndist af jákvæðni og öflugri þátttöku og var bersýnilegt hversu sterkur og samheldinn hópurinn er. Fyrsta umbótaverkefni vinnustofunnar var strax afgreitt næsta morgun þegar ný brauðrist var sett á kaffistofu starfsfólksins – táknræn og umsvifalaus byrjun á viðtækara umbótastarfi sem unnið verður áfram af gæðateymi, stjórnendum og starfsfólki.

Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar heilsugæslunnar á Selfossi sinna daglegri móttöku skjólstæðinga, bráða- og slysaþjónustu, vaktþjónustu, skólaheilsugæslu, heimahjúkrun, mæðra- og ungbarnavernd, hjúkrunar- og sálfræðiþjónustu ásamt hjúkrunarþjónustu á Litla-Hrauni. ■



“Við gefum ekki lyf og læknum ekki fólk, en gerum allt annað!”

Tækni- og viðhaldsteymin eru ómissandi hlekkir í starfsemi HSU og vinna þvert á allar deildir og starfsstöðvar. Mannskapurinn í teyminum hefur umsjón með fasteignum, sér um allt viðhald, er með bílamál á sínum snærum, passar að moka snjó og salta í kringum stofnunina og áfram mætti lengi telja því listinn er nærri ótæmandi. Þetta er samheldið og traust teymi. „Við gefum ekki lyf og læknum ekki fólk, en gerum allt annað,” segja þeir glaðbeittir. ■



Hér má sjá hluta af teyminu sem vinnur á Selfossi, þar sem þeir voru gripnir í myndatöku áður en þeir þutu aftur af stað í næsta verkefni.

Kvenfélag Grímsneshrepps færir Móbergi lífsmarkamæli að gjöf

Kvenfélag Grímsneshrepps afhenti hjúkrunarheimilinu Móbergi á Selfossi nýverið lífsmarkamæli að gjöf til minningar um heiðursfélaga sinn, Þóru Magnúsdóttir, sem dvaldi á Móbergi um tíma.

Lífsmarkamælirinn mælir blóðþrýsting, púls, súrefnismettun og líkamshita og mun því nýtast afar vel í daglegu starfi heimilisins. Lífsmörk eru mæld að minnsta kosti mánaðarlega hjá hverjum heimilismanni og oftast hjá þeim sem þurfa á því að halda.

Með tilkomu nýja tækisins verða mælingar áreiðanlegri og auðveldara verður að fylgjast með heilsufari og meta ástand skjólstæðinga á markvissan hátt, segir Ásta Tryggvadóttir deildarstjóri á Móbergi.

Gjafinn er dýrmætt framlag til starfseminnar og ber vitni um hlýhug og stuðning kvenfélagsins við heimilið og íbúa þess. Starfsfólk á Móbergi færir Kvenfélagi Grímsneshrepps kærar þakkir fyrir gjöfina og hlýjan hug í minningu Þóru Magnúsdóttur. ■



Ásta Tryggvadóttir og Dagný Ómarsdóttir fyrir hönd Móbergs og Sandra Gunnarsdóttir og Guðríður Guðmundsdóttir fulltrúar Kvenfélags Grímsneshrepps við lífsmarkamælinn

Hinsegin dagur á HSU

Miðvikudaginn 18. mars 2026 var haldinn Hinsegin dagur á HSU og bar allt starfsfólk þá barmmerki hinsegin samfélaginu öllu til stuðnings. Markmið starfsfólks HSU er að veita sem besta þjónustu þvert á alla stofnunina og hinsegin samfélagið á öruggt pláss hjá HSU. Meðfylgjandi myndir voru teknar á rölti um húsið á Selfossi í tilefni dagsins, en starfsfólk á öllum starfsstöðvum HSU í umdæminu bar barmmerki í tilefni dagsins. ■



Lionsklúbbur Selfoss veitir bráðamóttöku HSU styrk

Lionsklúbbur Selfoss hefur veitt bráðamóttöku HSU styrk til kaupa á Inmu relax púða. Þessi púði er skynörvandi tæki með tónlist og djúpum titring.

Púðinn breytir hreyfingu sjúklinga í róandi tónlist og veitir þeim þannig slökun. Hann mun nýtast mjög vel fyrir þá sem þjást af kvíða, heilabilun eða óráði.

Óráð er heilkenni sem getur komið upp hjá einstaklingum og einkennist af truflunum á athygli, meðvitund, vitrænni getu og skyntúlkun. Þetta er tímabundið ástand og getur t.d. komið við veikindi eða að leggjast inn á sjúkrahús. Sjúklingar á bráðamóttöku eru sérstaklega í áhættu við að fá óráð.

Púðinn hefur reynst mjög vel hjá sjúklingum á deildinni og hefur meðal annars læknað sjúkling af tímabundnum ofsakvíða sem hefði annars þurft að fá róandi lyf. Við notkun á púðanum náði sjúklingurinn ró og náði að sofna, segir Kolbrún Gunnarsdóttir deildarstjóri bráðamóttöku. ■



Kolbrún Gunnarsdóttir deildarstjóri bráðamóttökunnar tekur við gjöfnni frá Ólafi Hafsteini Jónssyni, formanni Lionsklúbbsins á Selfossi





Fulltrúar Lionsklúbbs Selfoss ásamt Kolbrúnu Gunnarsdóttir deildarstjóra bráðamóttökunnar, Andra Heide yfirlækni bráðamóttökunnar og Höllu Arnfríði Grétarsdóttir aðstoðardeildarstjóra bráðamóttökunnar

Hjartað í HSU



Hjartað í HSU er fréttapóstur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og gefinn út af stofnuninni ársfjórðungslega.
Ábm: Dána Óskarsdóttir

Fylgstu með Heilbrigðisstofnun Suðurlands á vef og samfélagsmiðlum:

-  www.hsu.is (vefur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands)
-  [Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Facebook](#)
-  [Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Instagram](#)
-  [Heilbrigðisstofnun Suðurlands á LinkedIn](#)



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS